



Alþingi – nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
101 Reykjavík

**Varðar: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um 248. mál, lagafrumvarp um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (sérstök kæruheimild vegna athafna og athafnaleysis).**

Verkfræðingafélag Íslands leggst gegn því að ofangreint lagafrumvarp verði lagt fram til umræðu eitt og sér. Ástæðan er sú að þegar liggur fyrir að umhverfisráðherra muni í kjölfarið leggja fram aðra tillögu sem varðar breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Verkfræðingafélagið hefur skilað umsögn um það frumvarp, dags. 9 mars 2018.

Auk þess hefur sami ráðherra boðað heildarendurskoðun laganna í kjölfar þeirra breytinga sem nefndar eru hér að ofan.

Verkfræðingafélag Íslands telur það ekki skynsamlega nálgun í svo mikilvægu máli að skipta heildstæðu verkefni upp í smærri sundurleita verkhluta þar sem markmiðið í heild eða úthugsuð útkoma kemur ekki fram fyrr en á lokastigum afgreiðslu. Vinnubrögð af þessu tagi eru til þess fallin að torvelda yfirsýn og aðkomu almennings og hagsmunaaðila að málinu.

Einnig má nefna nýlega umsögn Verkfræðingafélags Íslands um þingskjal 14 - 14. mál, þingsályktunartillögu um tryggingu gæða, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga. Þau sjónarmið hljóta einnig að gilda um vinnulag við endurskoðun og setningu laga.

Reykjavík 20. mars 2018

Fyrir hönd stjórnar Verkfræðingafélags Íslands.

Páll Gíslason

---

Páll Gíslason, formaður VFÍ.